

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2025
UOS2502-272/KBB
13.05.00

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu – Hagavatnsvirkjun í Bláskógabyggð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 17. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um framangreinda umhverfismatsskýrslu.

Framkvæmdarlýsing

Hagavatnsvirkjun ehf. áformar að reisa vatnsaflsvirkjun við Hagavatn, sunnan Langjökuls í Bláskógabyggð. Virkjunin hefur hlotið heitið Hagavatnsvirkjun. Unnið er að frumhönnun virkjunarinnar en talið er að afl hennar verði allt að 9,9 MW.

Umfjöllun Umhverfis- og orkustofnunar

Í 3. gr. laga nr. 110/2024 um hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar eru talin upp málefni sem falla undir starfsemi Umhverfis- og orkustofnunar.

Í 22. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að vinna skuli skýrslu um umhverfismat hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar og taldar upp þær upplýsingar sem skýrslan skuli innihalda.

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir skýrsluna með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, eftir því sem stofnunin telur að eigi við.

Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn, skv. 8. gr. laga um verndar og orkunýtingaráætlun nr. 2001/48, hefur fjallað um og hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira. Áformað uppsett afli virkjunarkostsins er 9,9 MW og er því undir þeim viðmiðum.

Stofnuninni er heimilt að binda virkjunarleyfi, sem stofnunin gefur út, skilyrðum skv. 5.gr. raforkulaga. Stofnunin bendir á að þar kemur m.a. fram að stofnunin getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu

virðingarmarkmið. Samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.

Lög um stjórn vatnamála

Umhverfis- og orkustofnun vill vekja athygli á að í 3. mgr. 28. gr. nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir:

„Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.“

Einnig er vakin athygli á umfjöllun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli 3/2023 Hvammsvirkjun frá 15. júní 2023¹ um þetta ákvæði þar sem m.a. er bent á skyldur samkvæmt lögum um stjórn vatnamála vegna mögulegra breytinga á vatnshlotum vegna nýrra framkvæmda.

Áhrifamat fyrir vatnshlot

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að gera þarf áhrifamat fyrir **öll vatnshlot sem tengjast framkvæmdinni beint eða óbeint**. Meta þarf áhrif á líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti fyrir yfirborðsvatnshlotin og magnstöðu og efnafræðileg gæðapætti fyrir grunnvatnshlotin. Meta þarf hvort framkvæmdin sé líkleg til að valda því að vatnshlotin nái ekki lögbundnum umhverfismarkmiðum.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að áður en leyfi eru gefin út vegna framkvæmdarinnar þarf áhrifamat fyrir vatnshlot að liggja fyrir. Í áhrifamatinu eru áhrif framkvæmdarinnar á lögbundin umhverfismarkmið framkvæmdarinnar metin. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að gera þarf fullnaðar áhrifamat í samræmi við leiðbeiningar gerð áhrifamats fyrir vatnshlot. Þær leiðbeiningar má nálgast á slóðinni: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>.

Umhverfismarkmið vatnshlota

Vill Umhverfis- og orkustofnun benda á að umfjöllun um vatnshlot og lögbundin umhverfismarkmið þeirra er afar ábótavant. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram framkvæmdin muni hafa áhrif á eftirtalin vatnshlot:

- Hagavatn (103-2266-L)
- Far (103-879-R)

Í kafla 5.5 er fjallað um vatnalíf og vatnshlot. Þar kemur eftirfarandi fram varðandi vatnshlotin Hagavatn (103-2266-L) og Far (103-879-R):

¹ [Úrskurður 3/2023 Hvammsvirkjun](#)

„Samkvæmt vatnavefsjá Stjórnar vatnamála eru efnafræðileg og vistfræðileg umhverfismarkmið vatnshlotanna talin verið góð eða mjög góð og gert ráð fyrir að umhverfismarkmið náist“.

Hér er rangt farið með upplýsingar. Vistfræðilegt ástand vatnshlota er ekki það sama og þau umhverfismarkmið sem hafa verið sett fyrir það. Í umhverfismatsskýrslunni er ekki gerð tilraun til að meta hvort þau vatnshlot sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni ná þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau eða ekki. Engin umfjöllun er um vistfræðilegt ástand þessara vatnshlota samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Vill Umhverfis- og orkustofnun benda á að samkvæmt þeirri framkvæmdarlýsingu sem sett er fram í umhverfismatsskýrslunni verða fleiri vatnshlot fyrir áhrifum af framkvæmdinni s.s. Sandavatn (103-2267-L), grunnvatnshlotið Kerlingarfjöll-Hreppar (103-287-G). Jafnframt mun straumvatnshlotið Hagavatnsskvísl (103-659-R) breytast í lón (breytast úr straumvatni í stöðuvatn) og nær það vatnshlot því ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir það vegna framkvæmdarinnar.

Umhverfismarkmið allra ofangreindra vatnshlota samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlunar 2022 – 2027 er að vera í *mjög góðu* vistfræðilegu ástandi og *góðu* efnafræðilegu ástandi. Þau markmið eru lagalega bindandi og má framkvæmdin ekki leiða til þess að vatnshlotin breyti um ástandsflokkun og ná ekki þeim umhverfismarkmiðum.

Umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á þá líffræðilega-, efna- og eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðabætti sem liggja til grundvallar ástandsflokkunar vatnshlota er ekki fullnægjandi. Í kafla 5.5.2.4. er fjallað um vægi áhrifa, þar segir: *„Í ljósi þess að Hagavatn og Farið einkennast af litlu lífi og fábreytni í tegundasamsetningu er gert ráð fyrir að áhrif á líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðabætti vatnshlotanna tveggja séu óveruleg“.* Samkvæmt framkvæmdarlýsingu er þó ljóst að straumvatnið Hagavatnsskvísl (103-659-R) breytist úr straumvatni í stöðuvatn og miklar breytingar verða á stærð og dýpi Hagavatns (103-2266-L). Hvoru tveggja eru umfangsmiklar vatnsformfræðilegar breytingar. Bæta þarf því alla umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot, ástand þeirra og umhverfismarkmið.

Heimild til breytinga á vatnshloti

Í kafla 1.4 er fjallað um þau leyfi sem framkvæmdin er háð. Það er mat Umhverfis- og orkustofnunar að samkvæmt þeirri framkvæmdarlýsingu sem sett er fram í umhverfismatsskýrslu og áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot, s.s. breytingar á náttúrulegu vatnafari á svæðinu, eins og að breyta straumvatni í stöðuvatn og að áin Far þurrkist upp að hluta, þurfi framkvæmdaraðili að láta taka til skoðunar umsókn um heimild um breytingu á vatnshloti skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála til stofnunarinnar. Vill stofnunin benda á að ekki er hægt að heimila breytingu á vatnshloti nema að uppfylltum öllum skilyrðum ákvæðisins.

Loftslag

Í 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er fjallað um *efni umhverfismats* og taldir upp þeir umhverfisþættir sem fjalla skal um í matinu. Áhrif

framkvæmdar á loftslag er einn þeirra þátta sem nauðsynlegt er að fjalla um. Í umhverfismatsskýrslu er ekki að finna umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á loftslag.

Umfjöllun um loftslag þarf að miða að því að gera grein fyrir þeirri losun sem stafar af framkvæmdinni. Til losunar frá framkvæmd telst bæði *bein losun* frá framkvæmdinni (losun að umfangi 1) og hins vegar *óbein losun* frá framkvæmdinni (losun að umfangi 2 eða 3).

Umhverfis- og orkustofnun telur að umhverfismatsskýrsla sem gerir ekki grein fyrir áhrifum framkvæmdar á loftslag vera efnislega ófullnægjandi.

Virðingarfyllst,

Rán Jónsdóttir
Verkfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir
Sérfræðingur